

2. Annar málsliður 4. mgr. breytist og verður svohljóðandi: Heimilt er í þeim reglum, að kveða á um námsleiðir sem skorir standa sameiginlega að, og námsleiðir, þar sem krafist er minnst 45 eininga til meistaraþrófs.

4. gr.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í hugvísindadeild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 13. september 2005.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykhólahreppi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Reykhólahrepps og vegamálastjóra hefur verið ákveðið:

Hámarkshraði innan þéttbýlis á Reykhólum skal vera 35 km/klst. Þó skal hámarkshraði á Karlseyjarvegi (606) annars vegar frá vegamótum Reykhólasveitarvegur (607) að nyrðri vegamótum Hellisbrautar og hins vegar frá vegamótum Suðurbrautar að stað á móts við lóðina nr. 7 við Suðurbraut vera 50 km/klst.

Setja ber upp viðeigandi umferðarmerki vegna ákvörðunar þessarar, sbr. 85. gr. umferðarlaga.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn á Patreksfirði, 14. september 2005.

Þórólfur Halldórsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um stjórn lögreglurannsókna og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála nr. 396 27. júní 1997.

1. gr.

7. gr. breytist þannig:

a. 4. mgr. orðast svo:

Lögreglustjórinn í Reykjavík metur, að höfðu samráði við lögreglustjóra í umdæmi þar sem brot var framið, hvort nauðsynlegt sé að senda mann eða menn frá tækni-deild til að aðstoða við vettvangsrannsókn, samkvæmt 4. mgr. 8. gr. lögreglulaga. Synjun lögreglustjórans í Reykjavík má skjóta til ríkislögreglustjóra.